

Velferðarnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis.

### **Umsögn frá Landssambandi eldri borgara:**

Mál 454. Þingskjal 698 Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr 46/1980 og lögum um málefni fatlaðs fólks nr 59/1992 með síðari breytingum ( aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg aðstoð).

#### **Um 1.kafla laganna:**

Landssamband eldri borgara (LEB) tekur ekki afstöðu til þeirra breytinga sem lagðar eru til á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum að öðru leyti en því að benda á að einelti og ofbeldi á vinnustöðum getur líka falist í aldursfordómum sem koma fram í því að þrengja að fólki sem er 50 ára og eldra og gera því erfitt fyrir á vinnustöðum. Í því getur falist mismunur vegna aldurs. LEB felur Alþingi að skoða hvort bann við slíku þyrfti að koma inn í þessi lög.

#### **Um 2. Kafla laganna:**

Þar segir í b lið 4.gr. „Við endurskoðun á lögum þessum skal m.a. lagt til að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verði lögfest sem þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk.“ LEB fagnar því að NPA verði lögfest sem úrræði fyrir fatlað fólk. Í greinargerð er nefnt að nú standi yfir endurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar sé gert ráð fyrir að festa í sessi NPA sem eitt af þeim þjónustuúrræðum sem standi fötluðu fólki til boða þurfi það aðstoð í daglegu lífi. Í því sambandi vill LEB benda á að það sama þarf að vera í boði fyrir aldraða sem þurfa aðstoð í daglegu lífi. Því er æskilegt að NPA sé valkostur fyrir alla þá sem þurfa á félagsþjónustu sveitarfélaga að halda í daglegu lífi hvort sem þeir eru ungir eða aldnir, fatlaðir eða ófatlaðir. Bent skal á að við 67 ára aldur verður fatlað fólk aldraðir einstaklingar í skilningi gildandi laga.

Reykjavík 23.feb. 2015.

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.